

Reykjavík 25. Maí 2012

OPS.027.12

HBA/hba

Iðnaðarráðuneyti  
b/t Erla Sigríður Gestsdóttir  
Arnarhvoli 150  
Reykjavík

**Efni: Háspennulína um Eyjafjörð.**


Vísað er í bréf ráðuneytisins dags. 23. Mars 2012 Tilv:IDN2020066/2.2.2 þar sem hagsmunaaðilar í flugi eru hvattir til að senda inn athugasemdir vegna fyrirhugaðrar lagningar á háspennulínu sem þverar Eyjafjörð sunnan við Akureyrarflugvöll.

Icelandair lýsir yfir áhyggjum af fyrirhuguðum framkvæmdum af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er almennt mikilvægt að forðast að búa til hindranir í nágrenni flugvalla. Í því tilfalli sem hér um ræðir fellur háspennulínan að vísu utan hindranaflatar sem reglugerðir gera kröfu um en ef óvissu-eða neyðarástand kemur upp þá er aldrei hægt að gera ráð fyrir öllum þeim afbrigðum af tilvikum sem geta komið upp og því er mikilvægt að forðast sé eftir mætti að reisa hindranir í nágrenni við flugvelli.

Það sem Icelandair hefur þó meiri áhyggjur af eru áhrif sem viðkomandi lína getur haft á blindaðflug að Akureyrarflugvelli. Félagið óskaði eftir álit frá Boeing sem framleiðir þær flugvélar sem Icelandair notar en í því álit kemur fram að við eðlilegar aðstæður sé óveruleg hætt á truflunum af völdum rafínunnar en aðstæður geta skapast þar sem slíkt ástand getur komið upp. Það á einkum við þegar ísing, selta eða gosaska sest á línur eða einangrara sem aðstæður geta skapast sem geta valdið truflunum á aðflugsbúnaði.

Icelandair leggur því til að leitað verði leiða til að leysa þetta mál með öðrum hætti og þá væntanlega með því að leggja línuna í jörð þar sem búið er að útiloka áhrif af línunni á flugumferð um Akureyrarflugvöll.

Virðingarfyllt



Hilmar B Baldursson  
Flugrekstrarstjóri Icelandair

Afrit: ISAVIA c/o Brandur Guðmundsson